

## Fundargerð stjórnarfundar DA 1. júní 2021

Mættir, Arónr Benónýsson, Sigurður Gauti Böðvarsson, Kristján Þór Magnússon, Hafrún Olgeirsdóttir, Jóhanna Kristjánsdóttir, Jón Helgi Björnsson, Áslaug Halldórsdóttir og Aðalsteinn J. Halldórsson.

Formaður stýrir fundi og setur hann 14:30.

### 1. Rekstur 2021

Jón Helgi fór yfir rekstur fyrstu fjóra mánuði ársins. Bæði tekjur og launaútgjöld eru heldur yfir áætlun. Reksturinn í heild á betri nótum en væntingar stóðu til þó það sé ekki mikill munur frá áætlun. Reksturinn áfram þungur en í jafnvægi.

### 2. Rekstrarstaða hjúkrunarheimila til næstu ára – umræður um skýrslu

Kristján lagði fram skýrslu um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila og fór yfir niðurstöðurnar. Umræða varð um helstu atriði skýrslunnar í kjölfarið.

### 3. Uppfærð kostnaðaráætlun vegna uppbyggingar nýs hjúkrunarheimilis

Kristján fór yfir uppfærða kostnaðaráætlun sem ber nafnið KÁ2. Stjórn hefur yfirfarið áætlunina og óskar eftir því að aðildarsveitarfélögin yfirfari hana og komi afstöðu sinni á framfæri við Framkvæmdasýslu ríkisins eins fljótt og hægt er.

### 4. Stefna í þjónustu við dagdvalarþega – samstarf við Norðurþing

Kristján reifar hugmyndir um að félagsþjónusta Norðurþings muni taka yfir dagdvalarþjónustuna áður en nýja hjúkrunarheimilið hefur rekstur. Kristján útskýrði að heppilegt væri að taka ákvörðun um þetta fyrr en seinna til að geta hafið vinnu og stefnumótun um nýtt hlutverki fyrir núverandi húsnæði DA. Stjórn sammála um að brýnt sé að hefja umræðu um nýtt hlutverk núverandi húsnæðis DA sem allra fyrst. Ákveðið er að hafa spjallfund með tveimur fulltrúum úr hverju sveitarfélagi á næstu vikum, til þess að fara yfir nýtt hlutverk núverandi húsnæðis DA.

### 5. Aðalfundur DA 2021

Næsti fundur stjórnar verður í hádeginu 22. júní og Ákveðið að boða aðalfund DA þriðjudaginn 22. júní klukkan 13.00.

Fundi slitið 15:48